

Deildarstjóri tæknideildar

Ármann Sigurðsson

Athugasemdir vegna deiluskipulags til bæjarráðs Fjallabyggðar vegna tillögu að deiliskipulagi athafna- og hafnarsvæðis í Ólafsfirði 2021

Góðan dag

Með ábendingu og vinsemd vil ég gera athugasemd og “mótmæla” nýjum lóðum norðan Strandgötu nr. 16 og 18. Ég fer þess á leit að bílastæðin norðan Strandgötu fái að halda sér og lokið verði við að malbika hinn helminginn af bílastæðinu og staðið við fyrri ákvarðanir er að því lúta.

Þessi bílastæði nýtast íbúum við Strandgötu, Slökkviliði Fjallabyggðar og Ólafsfjarðarkirkju.

Einnig vil ég koma á framfæri einlæga ósk um að norðan Strandgötu verði ekki úthlutað frekari lóðum á þessu svæði en tilheyra Strandgötu 22 og Pálsbergsgötu 1 - óbyggð lóð milli þessarar tveggja athafnalóða verði felld út og gert ráð fyrir grænu svæði.

Strandgatan er íbúðabyggð og íbúum við Strandgötu hefur fjölgað hátt í 90% í sumar og fer fjölgandi. Svæðið frá Kaffi Klöru, niður að kirkju, niður að sjó er vinsælt og mikið sótt og gríðarlega mikilvægt að að sé vel aðgengilegt. Einnig vil ég koma því sjónarhorni fram að alla tíð og er mörgum hjartans mál að það sjáist til Ólafsfjarðarkirkju frá sjó og það sjáist til sjós frá kirkjunni. Ólafsfjarðarkirkja er sjómönnum kær og alla tíð hafa sjómenn verið kirkjulegu starfi hugleikin með fyrirbænum og kærleika.

Með þökk og kærri kveðju

Snjólaug Ásta Sigurfinnsdóttir